

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölbreyttara rekstrarform leikskóla og daggæslu

Borgarstjórn samþykkir að gera eftirfarandi ráðstafanir svo skapa megi aðgengilegra og sveigjanlegra umhverfi fyrir sjálfstæðan rekstur daggæslu og leikskóla á vinnustöðum borgarinnar, með það að markmiði að styðja enn frekar við fjölbreytt rekstrarform leikskóla og daggæslu í Reykjavík.

1. Við þjónustusamning milli Reykjavíkurborgar og sjálfstætt starfandi skóla bætist nýtt ákvæði 6.13, sem yrði svohljóðandi: „Heimilt er að víkja frá framangreindu ákvæði í gr. 6.3 þegar um er að ræða sjálfstætt starfandi leikskóla, sem rekinn er af vinnustað. Við slíkar aðstæður er heimilt að veita börnum starfsmanna viðkomandi vinnustaðar forgang við innritun.“
2. Leitað verði samstarfs við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um annað hvort breytingu á Reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu í heimahúsi, eða um innleiðingu sjálfstæðrar reglugerðar um daggæslu á vinnustað, með það að markmiði að kveða skýrlega á um heimildir til reksturs daggæslu á vinnustöðum.

Skóla- og frístundasviði verði falin nánari útfærsla í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Greinargerð

I. Inngangur

Leikskólavandinn í Reykjavík hefur verið viðvarandi um árabíl og sett fjölmargar fjölskyldur í vanda í kjölfar fæðingarorlofs. Hvert haust eru á bilinu 700 til 1.000 börn á biðlistum eftir leikskólapláss, árlega eru nokkur hundruð leikskólapláss ónothæf vegna viðhaldsvanda og í hverri viku eru fjölmörg leikskólabörn send heim vegna manneklu.

Síðastliðinn áratug hefur leikskólaplássum í borginni ekki fjölgað, heldur þvert á móti fækkað. Illa hefur gengið að fjölga leikskólarýmum á kjörtímabilinu en árið 2023 fjölgaði rýmum um aðeins 60 þegar áætlanir gerðu ráð fyrir 252. Árið 2024 fjölgaði rýmum um 50 þegar áætlanir gerðu ráð fyrir 650. Samhliða hefur fækkað verulega í stétt dagforeldra síðastliðinn áratug.

Reynslan hefur sýnt að Reykjavíkurborg, undir stjórn núverandi meirihluta, ræður illa við verkefnið. Sjálfstæðisflokkurinn hefur um árabíl bent á þann veruleika, að leikskólavandinn verði einungis leystur með fjölbreyttum lausnum. Ein þeirra lausna verði þátttaka atvinnulífs í verkefninu, svo sem daggæsla á vinnustöðum foreldra og fleiri sjálfstætt starfandi leikskólar.

Sjálfstætt starfandi leikskólar hafa þegar sannað gildi sitt innan borgarinnar, en þeir hafa reynst litrík viðbót við skólalóruna. Þeir kynna gjarnan til leiks nýstárlega hugmyndafræði og nýjar framsæknar skólastefnur – og veita um leið foreldrum fleiri valkosti og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna.

Í dag sækja 1.249 börn sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík og stefnir í fjölgun á næsta ári. Það þarf vart að tíunda hve risavaxinn leikskólavandinn væri ef þessa einkaframtaks hefði ekki notið við.

Í ljósi þess umfangsmikla leikskólavanda sem við er að etja – sem kemur ekki einungis niður á fjölskyldum heldur jafnframt vinnuveitendum – hafa stórfyrirtæki sýnt aukinn áhuga á að bjóða starfsfólki sínu lausnir í kjölfar fæðingarorlofs. Á haustdögum kynnti Arion banki fyrirhugaða daggæslu fyrir börn starfsmanna og við árslok kynnti Alvotech fyrirhugaða opnun þriggja leikskóla fyrir börn starfsmanna.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna frumkvæði atvinnulífsins og telja mikilvægt að borgin stígi nauðsynleg skref til að skerpa á regluverki og tryggja sveigjanlegan og aðgengilegan ramma fyrir fleiri að bjóða slíkar lausnir. Það er enda afstaða Sjálfstæðisflokksins að umönnunarbilið beri að brúa með fjölbreyttum leiðum sem mætt geta fjölbreyttum þörfum fjölskyldna í borginni.

II. Sjálfstætt starfandi leikskólar

Í lögum nr. 90/2008 um leikskóla er kveðið á um það að sveitarfélög skuli hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl. Sveitarfélögin bera ábyrgð á starfsemi leikskóla en leikskólalögin leggja þó ekki þær skyldur á herðar sveitarfélögum að þau reki leikskólana sjálf. Reykjavíkurborg rekur fjölda leikskóla en hefur þó ekki náð að anna eftirspurn eftir leikskólarýmum að fullu. Á þetta ekki síst við um yngstu aldurshópana. Sjálfstætt starfandi leikskólar hafa leyst úr þessum vanda að hluta.

Sem fyrr segir kynnti Alvotech nýverið áform um uppbyggingu þriggja leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í tilkynningu sagði að Alvotech stæði frammi fyrir því að skortur á leikskólamöguleikum hefði áhrif á starfsfólk félagsins. Eftir ítarlega greiningu hafi Alvotech komist að þeirri niðurstöðu að besta lausnin væri að stuðla að stofnun fleiri leikskóla. Það myndi gera fyrirtækinu kleift að bæta aðstöðu starfsmanna með börn á leikskólaaldri, en verkefnið væri einnig hugsað sem hluti af samfélagslegri ábyrgð og stuðningur í verki við nærumhverfið. Aukið framboð af leikskólaplássum gæti þannig leyst sameiginlegan vanda og létt undir með foreldrum í viðkomandi hverfum.

Reykjavíkurborg hefur gert þjónustusamning við sjálfstætt starfandi leikskóla borgarinnar, en endurnýjaður samningur tók gildi nú um áramót, 1. janúar 2025. Með nýjum samningi eru sjálfstætt starfandi leikskólum settar þröngar skorður hvað varðar innritun barna og þeim gert að notast við biðlistakerfi borgarinnar, þar sem börnum skal raðað inn eftir kennitöluröð, en ekki öðrum forsendum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á samningunum svo rúma megi þær nýju lausnir sem atvinnulífið býður. Ekki sé hægt að ætlast til þess að fyrirtæki sem opni leikskóla, að hluta til að leysa ákveðinn starfsmannavanda, geti ekki forgangsraðað börnum starfsmanna inn á slíkan leikskóla. Er því lagt til að nýrri málsgrein verði bætt við 6. gr. samningsins, sem heimilar sjálfstætt starfandi leikskóla, reknum af vinnustað, að veita börnum starfsmanna viðkomandi vinnustaðar, forgang við innritun.

III. Daggæsla í heimahúsi og daggæsla á vinnustað

Um dagforeldrakerfið gildir reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsi. Reglugerðin nær yfir daggæslu barna á tímabilinu frá kl. 7 til 19 á virkum dögum og með hugtakinu „heimahús“ er átt við íbúðarhúsnæði dagforeldra, eða í undantekningartilfellum íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er tekið á leigu undir daggæslu, en tryggja þarf að aðbúnaður sé ekki lakari en ef um einkaheimili væri að ræða.

Á dögnum kynnti Arion banki áform um að opna daggæslu fyrir börn starfsmanna. Dagvistunin yrði staðsett við hlið höfuðstöðva bankans í Borgartúni og væri ætluð börnum á aldrinum 12 til 24 mánaða.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna vissulega frumkvæðinu og binda vonir við að fleiri atvinnurekendur sjái hag í því að feta sömu braut. Hefur flokkurinn um árábil talað fyrir lausnum á borð við daggæslu á vinnustað og lagt til að borgin styðji við slíkar lausnir, bæði með aðgengilegu regluverki en jafnframt opinberum framlögum í formi niðurgreiðslu.

Ljóst er að ofanrituð reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi nær ekki utanum fyrirhugaða starfsemi bankans. Leggja fulltrúarnir því til að leitað verði samstarfs við Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um annað hvort breytingu á Reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsi, eða um innleiðingu sjálfstæðrar reglugerðar um daggæslu barna á vinnustað, með það að markmiði að kveða skýrlega á um heimildir til reksturs daggæslu á vinnustöðum foreldra.

IV. Samanburður við nágrannaþjóðir

Samkvæmt tölfræði Hagstofu Íslands eru nú rúm 14% leikskólabarna hérlendis í sjálfstætt starfandi leikskólum. Til samanburðar hafa á síðustu árum um 57% allra leikskóla í Noregi verið sjálfstætt starfandi og um 20% leikskólabarna í bæði Danmörku og Svíþjóð hafa sótt einkarekna leikskóla. Ísland er því verulegur eftirbátur annarra norðurlandþjóða þegar kemur að fjölbreyttu rekstrarformi leikskóla.

Þá má jafnframt nefna að rúm 80% eins árs barna í bæði Danmörku og Noregi eru komin með leikskóla- eða daggæslupláss við eins árs aldur, en aðeins rúm 60% hérlendis. Í Svíþjóð eiga börn lögvarinn rétt til leikskólavistar við 12 mánaða aldur, í Danmörku eiga börn rétt á leikskóla eða daggæslu við 26 vikna aldur og í Noregi er slíkur réttur tryggður börnum sem hafa náð eins árs aldri í lok ágúst ár hvert. Hérlendis er rétturinn til leikskólavistar hins vegar ekki tryggður með lögum.

Ljóst er að víða á Norðurlöndum eru reknar daggæslur eða leikskólar á vegum vinnuveitenda, sem jafnvel bjóða sveigjanlega vistunartíma sem samræmast óreglulegum vinnutíma foreldra, sem sumir vinna vaktavinnu. Boðið er upp á fjölbreyttari úrræði sem mætt geta fjölbreyttari þörfum fjölskyldna. Dæmin eru víða.

IV. Jöfn tækifæri

Í ljósi þess að fyrirhugað er að fjölga sjálfstætt starfandi leikskólum í borginni, minna fulltrúar Sjálfstæðisflokks á áherslur sínar og fyrri tillögur um jöfn opinber menntunarframlög með öllum börnum borgarinnar, óháð rekstrarformi þeirra skóla sem þau sækja.

Núgildandi samningar við sjálfstætt starfandi leikskóla borgarinnar leiða til þess skert opinber framlög fylgja þeim börnum sem sækja þessa leikskóla. Sjálfstætt starfandi leikskólar innheimta því álag á sínar gjaldskrár svo mæta megi því rekstrargati sem myndast vegna takmarkaðra framlaga. Það er því nokkru dýrara fyrir fjölskyldur að skrá börn sín í sjálfstætt starfandi leikskóla – sem getur vissulega haft áhrif á samsetningu nemendahópa því ekki er á allra færi að standa undir slíkum álagsgreiðslum.

Efnameiri foreldrar eiga því aukin tækifæri á að velja milli ólíkra leikskóla borgarinnar fyrir börn sín. Þannig ýtir núverandi fyrirkomulag, sem styður illa við sjálfstætt starfandi leikskóla, enn frekar undir mismunun og misskiptingu.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að öllum börnum séu tryggð jöfn tækifæri, óháð efnameiri foreldra.

V. Fjölbreyttara rekstrarform og fleiri valkostir

Vandi leikskólakerfisins er fjölþættur og verður umönnunarbilið að loknu fæðingarorlofi ekki brúað nema með fjölbreyttum lausnum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks hafi lengi bent á þann veruleika, að ein leið hentar ekki öllum – lausnin muni ávallt felast í fjölbreyttum valkostum.

Það er mikilvægt að tryggja frelsi og val í leikskóla- og daggæslumálum borgarinnar. Lykilforsenda valfrelsis er fjölbreyttara rekstrarform og fleiri valkostir. Með fjölbreyttu rekstrarformi skapast svigrúm til framþróunar og tækifæri til nýsköpunar – og með fleiri valkostum getur hver fjölskylda betur valið lausnir sem hæfir hennar hversdegi.

Við þurfum aukið valfrelsi foreldra og tryggari starfsgrundvöll fyrir þau sem sýna frumkvæði og vilja sækja fram á vettvangi leikskóla- og daggæslumála í Reykjavík. Einkaframtak í málaflokknum hefur þegar ýtt undir framfarir og nýsköpun - og stuðlað um leið að aukinni fjölbreytni. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks eru þess fullvissir að frekari framfaraskref í þessa átt muni reynast öllum til heilla.